

ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2008

ÖRNEFNANEFND

Neshaga 16, 107 Reykjavík

Sími 525 5158, Bréfasími 562 2699

http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Örnefnanefnd var þannig skipuð 2008:

Póra Björk Hjartardóttir formaður.

Varamaður: *Haraldur Bernharðsson*.

Danfríður Skarphéðinsdóttir, tilnefnd af umhverfisráðuneyti.

Varamaður: *Hrafn Hallgrímsson*

Svavar Sigmundsson, varaformaður, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Varamaður: *Guðrún Kvaran*.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi: *Þórarinn Eldjárn*.

Varamaður: *Steinunn Stefánsdóttir*.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Neshaga 16 í Reykjavík.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykka nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;

5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimasíða

www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Á heimasíðu nefndarinnar má finna lög og reglugerð um störf örnefnanefndar, megingjónarmið nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru 11 fundir í örnefnanefnd árið 2008.

Nöfn býla

Tilkynningar um nöfn nýbýla:

Örnefnanefnd bærust á árinu formlegar tilkynningar um 66 nöfn. Eftir umfjöllun í nefndinni var 41 nýtt nafn samþykkt og sent þinglýsingarstjórum. Ellefu erindum var vísað frá eða frestað og fjórtán var hafnað.

Ástæða frávísananna var í flestum tilvikum að ekki var sýnt fram á að stofnuð hefðu verið ný býli. Í öðrum tilvikum var um að ræða óljósa stöðu eignarréttar eða tilkynning reyndist óþörf þar eð býlin voru þegar á skrá. Í tveimur tilvikum var í árslok enn beðið frekari gagna frá eigendum svo unnt yrði að afgreiða erindin.

Þrettán nafntilkynningum var hafnað með vísan til þess að nafnið væri andstætt nafngiftahefð. Einni tilkynningu var hafnað vegna þess að líkindi þóttu of mikil með nafni á annarri jörð innan sama sýslumannsumdæmi og því hætta á nafnabrenslun, sbr. lög um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 og reglugerð nr. 136/1999.

Beiðnir um breytingar á nöfnum býla:

Örnefnanefnd fékk á árinu fimm formleg erindi um nafnbreytingu á býli og heimilaði fjórar þeirra. Tvær breytinganna voru heimilaðar þar sem um var að ræða óheppilega mynduð nöfn sem tengdust atvinnustarfsemi sem áður hafði farið fram á landinu. Í tveimur tilvikum var orðið við eindregnum óskum eigenda um að draga tilbaka nýlega samþykkt nöfn á nýbýli. Öðru nafnanna hafði ekki enn verið þinglýst og engin hefð komin á notkun hins enda ekki orðið almennt kunnugt. Eitt erindanna kallaði á nánari athugun og var því frestað.

Nafn þéttbýlis

Örnefnanefnd barst á árinu ein formleg tilkynning um nafn á nýju þéttbýli og var hún samþykkt.

Ný nöfn 2008

Árið 2008 tók örnefnanefnd – samkvæmt 4. gr. laga um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Austurhlíð II. Úr landi Austurhlíðar í Bláskógabyggð.

Álar. Úr landi Voðmúlastaða í Rangárþingi eystra.

Árnaneshóll. Úr landi Árnaness II í Hornafirði.

Ásvellir. Úr landi Stóru-Valla í Rangárþingi ytra.

Birkiland. Úr landi Syðri-Gegnishóla í Flóahreppi.

Bjarkarey. Úr landi Hallgeirseyjar í Rangárþingi eystra.

Bringubakki. Úr landi Ytri-Viðivalla II í Fljótshéraði.

Dunhóll II. Úr landi Dunhóls í Húnavatnshreppi.

Fagrahorn. Úr landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Fornistekkur. Úr landi Hjarðarholts í Borgarbyggð.

Grund II. Úr landi Grundar í Húnaþingi vestra.

Hlíðarendi. Úr landi Svarfhóls í Dalabyggð.

Hófgerði. Úr landi Efri-Gegnishóla í Flóahreppi.

Hrafshagi. Úr landi Arabæjar í Flóahreppi.

Hrafsholt. Úr landi Langholts I í Flóahreppi.

Kinn. Úr landi Kirkjuferjuhjáleigu í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Kjaransstaðir II. Úr landi Kjaransstaða í Bláskógabyggð.

Klettholt. Úr landi Hallstúns í Rangárþingi ytra.

Kögunarhóll. Úr landi Kvíarhóls í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Krossnes. Úr landi Hofstaða í Reykhólahreppi

Lambhagi II. Úr landi Lambhaga í Hvalfjarðarsveit.

Laufás. Úr landi Sperðils í Rangárþingi eystra.
Litla-Ásgeirsá II. Úr landi Litlu-Ásgeirsár í Húnaþingi vestra.
Litlihóll. Úr landi Skíðbakka III í Rangárþingi eystra.
Miðás. Úr landi Syðri-Hamra I í Ásahreppi.
Mið-Sel. Úr landi Neðra-Sels í Rangárþingi ytra.
Múli. Úr landi Hlíðar í Hjaltadal í Sveitarfélaginu Skagafirði.
Nýja-Jórvík. Úr landi Jórvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.
Ráðagerði. Úr landi Lindarbæjar í Ásahreppi.
Sjónarhóll. Úr landi Miklahóls í Sveitarfélaginu Skagafirði.
Skáli. Úr landi Bjarnastaða I í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Skjólholt. Úr landi Húsa II í Ásahreppi.
Skógarnes. Úr landi Efra-Ness í Borgarbyggð.
Svínhagalækur. Úr landi Svínhaga í Rangárþingi ytra.
Tjarnalækur. Úr landi Litla-Klofa í Rangárþingi ytra.
Tjarnir. Úr landi Súluholts í Flóahreppi.
Vakurstaðir. Úr landi Skammbeinsstaða I í Rangárþingi ytra.
Vörðuholt. Úr landi Berustaða II í Ásahreppi.
Ægissíða. Úr landi Ytri-Garða II í Snæfellsbæ.
Öxl. Úr landi Háholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Auk þess var samþykkt endurvakið nafn eftir sameiningu tveggja spildna:

Ölvisholt. Úr landi Ölvisholts í Flóahreppi.

Árið 2008 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum skv. 5. gr. laga um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum.

Bakkatjörn. Áður Bakkalax í Sveitarfélaginu Ölfusi.
Laufhóll. Áður Slétta í Flóahreppi.
Kvisthagi. Áður Steinteigur í Rangárþingi ytra.
Kötluland. Áður Reykhólar – tilraunastöð í Reykhólahreppi.

Árið 2008 tók örnefnanefnd – samkvæmt 6. gr. laga um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – einnig við tilkynningu um nafn á nýju þéttbýli og sendi nafnið hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar:

Lónsbakki. Í Hörgárbyggð.

Landakort og vegvísar

1) Eigandi Gljúfurs í Ölfusi óskaði eftir að tekinn yrði til skoðunar ágreiningur sem hann kvaðst hafa staðið í við skipulagsyfirvöld í Ölfusi um nafngiftina Gljúfurbyggð á nýtt þéttbýli í landi Gljúfurholts.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sker örnefnanefnd m.a. úr ef ágreiningur rís um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Í 7. gr. sömu laga segir: „Nú myndast þéttbýli – þorp – í landi einhverrar jarðar eða jarða, og er þá rétt, að sveitarstjórn sækji um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til ...“. Í 6. gr. reglugerðar nr. 136/199, um störf örnefnanefndar, eru nánari ákvæði um þetta atriði.

Með vísan til þessa óskaði örnefnanefnd eftir upplýsingum sveitarstjórnar Ölfuss um nafngiftina Gljúfurbyggð á hinu nýja þéttbýli. Í svari frá sveitarfélaginu kemur fram að nafnið Gljúfurbyggð sé vinnuheiti sem framkvæmdaaðili hafi kosið að nota á þá byggð sem verið er að reisa í landi Gljúfurárholts en formleg nafngift hafi ekki verið tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn Ölfuss. Eiganda Gljúfurs var kynnt svar sveitarfélagsins.

2) Örnefnanefnd fékk á árinu eina ábendingu um nafnabrenslun á vegvísunum sem vísað var til hlutaðeigandi sveitarfélags.

Nöfn sveitarfélaga

Örnefnanefnd veitti á árinu eina umsögn um nafn á nýju sameinuðu sveitarfélagi.

Annað

Nefndin fékk til kynningar samþykkt sem gerð var á Norræna málnefndarþinginu/Nordmálforum 2007 um nafnrækt og málstefnu.

Reykjavík, 20. janúar 2009

ÖRNEFNANEFND

Þóra Björk Hjartardóttir formaður

